

HÚSÖNDIN

4.tbl. 3.árg.
29. jan. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 30. JANÚAR- 5. FEBRÚAR

- 31.1. Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir, Agata Teresa Wasowicz
- 2.2. Eygló Karlsdóttir
- 3.2. Lára Ingvarsdóttir
- 4.2. Hulda Björk Marteinsdóttir, Heiðbjört Einarsdóttir,
Jökull Sæmundarson



Leikskólinn Ylur

Mývatnssveit

Vígsluhátíð á leikskólanum Yl á Degi leikskólans

Kæru sveitungar.

Nýverið tók leikskólinn Ylur í notkun nýtt og endurbætt húsnæði. Í tilefni þess er boðið til vígsluhátíðar fimmtudaginn 6. febrúar n.k. á Degi leikskólans frá kl. 16:30 – 18:00 þar sem gestum og gangandi býðst að skoða nýja leikskólahúsnæðið.

Flutt verða stutt ávörp og kaffiveitingar í boði.

Verið hjartanlega velkomin. Hlökkum til að sjá ykkur.

Starfsfólk og börnin á leikskólanum Yl

Helgihald í Skútustaðaprestakalli vor 2020

9.febrúar Guðsþjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00

16.febrúar Sunnudagastund fyrir börnin klukkan 11:00
í Reykjahlíðarkirkju

23.febrúar Sunnudagsstund fyrir börnin klukkan 11:00
í Reykjahlíðarkirkju

1. mars Guðsþjónusta í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

8.mars Sunnudagsstund fyrir börnin klukkan 11:00
í Reykjahlíðarkirkju

5.apríl Sunnudagstund fyrir börnin á Pálmásunnudag í
Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

10.apríl Föstudagurinn langi. Tíðarsöngvar sungnir í
Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 við upphaf
Píslargöngu og Passíusálmar Hallgríms Péturssonar
lesnir í Skútustaðakirkju um daginn.

12.apríl Páskadag. Hátíðaguðsþjónusta sóknanna í
Skútustaðakirkju klukkan 11:00

Organisti við allar guðsþjónusturnar er Jaan Alavere.

Vek sérstaka athygli á Sunnudagsstundunum fyrir börn sem verða
í Reykjahlíðarkirkju. Hlakka til að sjá sem flesta.

Fermingarguðsþjónusta verður auglýst síðar!

Bestu kveðjur

sr.Örnólfur



URÐUR–TENGLANET KVENNA BÝÐUR Á MAGNAÐ KVÖLD!



SIGGA FRÁ MÖGNUM MARKÞJÁLFUN OG RÁÐGJÖF KEMUR
OG SEGIR FRÁ STARFSEMI FYRIRTÆKISINS OG BÝÐUR
UPP Á SKEMMTILEGT ÖRNÁMSKEIÐ TIL AÐ MAGNA
OKKUR.

SKRÁNING Á
FACEBOOK SÍÐU
URÐAR

ÞÁTTTÖKUVÉÐ
2000 KR.

LÉTTUR KVÖLDVERÐUR Í BOÐI
ALLAR KONUR VELKOMNAR!



MÖGNUM
Markþjálfun og ráðgjöf


HVALBAK, HÚSAVÍK
FIMMTUDAGINN 6. FEBRÚAR– KLUKKAN 18:15



Kæru eldri Mývetningar

Í samverustundinni þann 5. febrúar kl 13:30
ætlar Fanney Hreinsdóttir, deildarstjóri félagslegrar heimaþjónustu
að koma við í létt spjall og fræðslu um heimaþjónustu
og hvað hún felur í sér.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta





Starfsmaður íþróttamiðstöðvar í heilsársstarf

Laust er til umsóknar starf starfsmanns Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps. Um er að ræða ótímabundið 60% starf í vaktavinnu frá og með mars 2020. Næsti yfirmaður er forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Helstu verkefni:

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
- Öryggisgæsla og baðvarsla
- Þrif og þvottur
- Umhirða og eftirlit með íþróttahúsi og tækjum þar sem það á við
- Uppgjör og meðferð innkomufjár

Hæfnikröfur:

- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Hand- og verklagni
- Haldgóð þekking í skyndihjálpi

Launakjör eru samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2020. Umsóknum skal skilað á netfangið **ims@skutustadahreppur.is** eða á skrifstofu forstöðumanns íþróttamannvirkja. Með umsókn skal fylgja ferilskrá. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Skútustaðahrepps. Aldurstakmark er 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Price forstöðumaður í síma **464 4225** og í gegnum netfangið **ims@skutustadahreppur.is**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.



Sumarstarfsmaður í Íþróttamiðstöð

Laust er til umsóknar starf sumarstarfsmanns Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps. Um er að ræða tímabundið 100% starf í vaktavinnu sumarið 2020 samkvæmt nánara samkomulagi. Næsti yfirmaður er forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Helstu verkefni:

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
- Öryggisgæsla og baðvarsla
- Þrif og þvottur
- Umhirða og eftirlit með íþróttahúsi og tækjum þar sem það á við
- Uppgjör og meðferð innkomufjár

Hæfnikröfur:

- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Hand- og verklagni

Launakjör eru samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2020. Umsóknum skal skilað á netfangið **ims@skutustadahreppur.is** eða á skrifstofu forstöðumanns íþróttamannvirkja. Með umsókn skal fylgja ferilskrá. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Skútustaðahrepps. Aldurstakmark er 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Price forstöðumaður í síma **464 4225** og í gegnum netfangið **ims@skutustadahreppur.is**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Gjöf til kvenna á Íslandi

Í tilefni af því að Kvenfélagasamband Íslands er 90 ára á árinu er verið að safna fyrir tækjum og hugbúnaði honum tengdum, sem kemur til með að gagnast öllum konum um land allt. Um er að ræða mónitora og ómtæki, nýja eða uppfærða eftir því sem við á og rafrænar tengingar á milli landsbyggðar og LSH.

Hefur þú áhuga á að leggja söfnuninni lið? vinsamlegast hafðu þá samband í tölvupósti á myvatnssveit@kvenfelag.is eða hafðu samband við Fríðu í síma 892-2817



Gjöf til allra kvenna á Íslandi

SÖFNUN Í TILEFNI 90 ÁRA AFMELIS
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS



Til sölu á skrifstofu KÍ og
hjá kvenfélagskonum um land allt.
Allur hagnaður af sölu rennur beint í
söfnunina



Armband gyllt með steinum 4.500 kr,-

Omnom súkkulaði 3 pk. 3.500 kr,-

Armband með áletrun til í gylltu, silfri og
rósagulli 3.500 kr,-



1. febrúar er dagur kvenfélagskonunnar

Af því tilefni ætlum við að bjóða öllum konum að koma í vöfflukaffi til okkar í Björgunarstöðina að Múlavegi 2 milli kl 15 og 17.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar

Kvenfélag Mývatnssveitar





Álagning fasteignagjalda 2020

Álagningu fasteignagjalda fyrir 2020 í Skútustaðahreppi er lokið. Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert.

Álagningaseðillinn 2020 verður birtur rafrænt á www.island.is og sendur út í pósti á þá aðila sem þess óska. Hafa þarf samband við hreppsskrifstofu til að fá álagningaseðilinn sendan. Fasteignagjöld eru innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka.

Fasteignaeigendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum eða boðgreiðslur af greiðslukortum. Ekki er veittur staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum.

Fasteignagjöld 2020:

Fasteignaskattur A 0,625% af fasteignamati

Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald 0,15% af fasteignamati.

Holræsagjald 0,225% af fasteignamati.

Lóðaleiga kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 25.000 verða alls 10, sá fyrsti 1. febrúar 2020. Gjaldalagi gjalda undir kr. 25.000 verður 1. maí 2020.

Reglur um afslátt af fasteignargjöldum:

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur um beitingu heimildarinnar.

Skilyrði lækkunar eru að;

- viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi,
- viðkomandi eigi lögheimili í eigninni,
- viðkomandi sé þinglýstur eigandi að eigninni,
- einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.



Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að 5.410.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 7.546.950 kr.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.410.001 til 6.221.500 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.546.951 til 8.385.500 kr.

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 6.221.501 til 7.227.760 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 8.385.501 til 8.926.500 kr.

Miðað er við tekjuárið 2018.

Álagning fasteignagjalda á fasteignir sem leyfi hafa til reksturs gististaða: Ef afnotum fasteignar sem metin er sem ein heild er á þann veg háttáð að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka, sbr. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 að viðbættu álagi sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 sem Skútustaðahreppur hefur nýtt sér. Skal eiganda veittur andmælaréttur áður en hlutfallsleg skipting er ákveðin í upphafi eða henni breytt.

Rotþróargjald:

Fyrir hverja fasteign innan marka Skútustaðahrepps með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Skútustaðahrepps, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4.gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Fjárhæð árgjalds miðast við að mat og tæming rotþróar eigi sér stað þriðja hvert ár.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við losun á þriggja ára fresti:

- 0-4000 lítrar 15.000.

- 4001-6000 lítrar 20.000 kr.

- 6000 lítrar og yfir: 1.800 kr. fyrir hvern rúm. umfram 6000 lítra

Endurkomugjald (þ.e. ef ekki er búið að greiða aðgengi og undirbúa þró fyrir tæmingu) er 50% álag miðað við stærð þróar.

Sjá nánar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is/img/files/2020/Rot%C3%BEr%C3%B3argjald%20-%20Gjaldskr%C3%A1%202019.pdf>

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi og rotþróargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Frekari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda eru veittar á heimasíðu sveitarfélagsins: www.skutustadahreppur.is.

Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið halla@skutustadahreppur.is eða hringja í síma 46 46 660.

Skútustaðahreppi, 22. janúar 2020

Sveitarstjóri



Leik- og söngtextar
Howard Ashman

Tónlist eftir
Alan Menken

Leikstjóri
Vala Fannell

Byggt á kvikmynd Roger Corman, handrit Charles Griffith, Fyrst sett upp af WPA Theatre (Kyle Renick, framleiðslustjóri), Fyrst sýnt í Orpheum Theatre, New York City af WPA Theatre, David Geffen, Cameron Mackintosh og Shubert Organization

Þessi áhugaleiksyning er sett upp í samkomulagi við Music Theatre International (Europe)

litla

Hryllingsbúðin



Föstud. 31. janúar kl. 20:00

Laugard. 1. febrúar kl. 20:00

Föstud. 7. febrúar kl. 20:00

Föstud. 14. febrúar kl. 20:00

Laugard. 15. febrúar kl. 20:00

Fullt verð 3.000
börn/afsl. 2.000

Miðapantanir:

www.leikfelagid.is - midi@leikfelagid.is
eða í síma 464 1129 (2 tíma fyrir syningu)

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksyningu til að njóta afsláttar

